

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, sunnan við Melhól.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. febrúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, frá 17. desember 2002.

Breytingin felst í því að afmörkun athafnasvæðis U6 við Melhól breytist og stækkar úr 6,2 ha í um 14 ha til suðvesturs og við það breytist landnotkun ýmist úr óbyggðu svæði í athafnasvæði eða úr athafnasvæði í óbyggt svæði. Einnig breytist landnotkun í norðvesturhluta hverfisins úr opnu svæði til sérstakra nota í athafnasvæði.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 2. febrúar 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2007